

## Nautgripasæðingar 2022

Sveinbjörn Eyjólfsson

NBI ehf, Hesti

Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2022 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.


Við nýtum allar bestu fáanlegar upplýsingar sem næst þeim tíma sem skýrslan tekur til. Þess vegna eru ýmsar tölur úr fyrri skýrslum einnig nokkuð breyttar – vonandi til hins betra. Enn er vakin athygli á því að fjöldi kvígna úr huppa.is er helmingaður og þannig náum við nær því sem áður var miðað við, þ.e. kelfdar kvígur.

Við skulum skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm fækkar um rúmlega 300 á árinu 2022 miðað við árið á undan. Óvarlegt er að fjölýrða um fjölgun eða fækkun kvígna allt eftir við hvað er miðað. En við vinnum með að kvígum hafi fjölgað um 300 á milli ára. Heildarfjöldi gripa er því svipaður sem ætti að tákna svipaðan fjölda fyrstu sæðinga. Það er hins vegar ekki raunin, því miður. Þeim fækkar um rúmlega 800. Trúlega segja því tölur fyrir árið 2022 að allt of margar kvígur fái með heimanautum. Fyrir ræktunina er það afleitt. Heildarfjöldi sæðinga er mun minni nú en í fyrra. E.t.v. má rekja það til þess að metið fanghlutfall hefur hækkað en kannski eru aðrir þættir sem ráða því. Ljóst er þó að við eigum mikið inni. Vonandi verður nýtt kerfi erfðamats til að auka áhuga bænda á nýjan leik. Og eins og sést á töflunni er sæðingum að fækka í fyrsta sinn miðað við árið 2012, bæði hvað varðar 1. sæðingar og heildarfjölda sæðinga.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	25.458		43.590	
2013	25.950	2%	45.431	4%
2014	27.660	8%	50.248	15%
2015	28.993	13%	52.862	21%
2016	28.062	10%	49.848	14%
2017	29.376	15%	49.055	12%
2018	27.028	6%	46.660	7%
2019	27.017	6%	48.176	10%
2020	25.559	0%	46.027	5%
2021	26.109	2%	45.156	3%
2022	25.276	-1%	42.848	-2%

Á árinu 2022 voru sæddar 25.276 (26.109) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 76,6 af hundraði (77,8) af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt huppa.is um síðustu áramót. Árið 2020 og fyrr var miðað við tölur úr búfjártalningu árið á undan og þess vegna eru tölur árána 2022 og 2021 ekki alveg samanburðarhæfar við tölur fyrri ára. Það breytir ekki því að við eigum mikið inni og getum bætt þátttöku í sæðingum, grundvallaratriði kynbóta, mikið enn.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga áráanna 2010 til 2022, sem þýðir að kýrin kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur annað árið í röð hækkað um 2% á milli ára. Það er auðvitað ánægjulegt. En við eigum öll að stefna að því að gera enn betur og til þess höfum við möguleika.



Tafla 1 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem kemur til mats hækkar verulega, sem er gott.. Metinn árangur batnar líka, sem er enn betra. Það sem ræður mestu um betra gengi er árangur Sunnlendinga. Þar er kúafjöldinn svo mikill að það er fljótt að telja, ekki síst 4% betri metinn árangur í Árnassýslu. Einnig er ánægjulegt að sjá betri árangur í S-Þing. Þar hækkar metið hlutfall um 3%.

## Samanburður milli ára 2020, 2021 og 2022

Búnaðar-samband	2020		2021		2022	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur
Kjalnesinga	305	64%	312	69%	307	71%
Borgarfjarðar	1.724	65%	1637	65%	1727	66%
Snæfellinga	660	63%	683	70%	773	70%
Dalamanna	225	69%	223	67%	258	73%
Vestfjarða	439	75%	451	74%	430	75%
Strandamanna	68	78%	69	77%	44	80%
V-Hún.	500	70%	466	66%	493	70%
A-Hún.	787	76%	783	78%	828	75%
Skagafjarðar	2.475	64%	2283	67%	2578	66%
Eyjafjarðar	4.446	67%	4466	71%	4613	72%
S-Þing.	1.222	58%	1220	64%	1346	67%
Austurlands	833	62%	846	61%	846	60%
A-Skaft.	390	73%	383	67%	433	71%
V-skaft	526	69%	542	68%	598	74%
Rangárvalls	3.216	66%	3237	68%	3569	69%
Árnessýsla	5.081	61%	5031	64%	5212	68%
<b>Landið</b>	<b>22.897</b>	<b>65%</b>	<b>22632</b>	<b>67%</b>	<b>24055</b>	<b>69%</b>

Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna í hausttalningu árið á undan fyrir árið 2020 en fyrir árið 2021 og 2022 eru nýttar tölur úr huppa.is . Auðvitað er erfitt að nýta eldri tölur í svona samanburði því fækkun eða fjölgun milli ára skilar sér seint. En þessar tölur sýna að færri gripir hlutfallslega eru sæddir á árinu 2022 en fyrr. Það er þveröfugt við það sem góð ræktunarmenning vill.


2020 Búnaðar-samband	2020			2020 1.sæðing	Hlutfall sætt
	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvígna	Samtals		
Kjalnesinga	311	110	421	324	76,96%
Borg/Snæ	2.969	714	3683	2.962	80,42%
Dalamanna	427	128	555	299	53,87%
Vestfjarða	591	137	728	484	66,48%
Strandamanna	83	14	97	79	81,44%
V-Hún.	556	150	706	532	75,35%
A-Hún.	941	230	1171	883	75,41%
Skagafjarðar	2688	833	3521	2.845	80,80%
Eyjafjarðar	4839	1097	5936	4.731	79,70%
S-Þing.	1418	340	1758	1.342	76,34%
Austurlands	990	206	1196	934	78,09%
A-Skaft.	427	111	538	477	88,66%
Suðurlands	9.974	2.436	12410	9.739	78,48%
<b>Landið</b>	<b>26.214</b>	<b>6.506</b>	<b>32.720</b>	<b>25.631</b>	<b>78,33%</b>

<b>2021</b>					
<b>Búnaðar-</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>		<b>2021</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>samband</b>	<b>Kúa</b>	<b>Kvígna</b>	<b>Samtals</b>	<b>1.sæðing</b>	<b>sætt</b>
Kjalnesinga	340	94	434	321	73,96%
Borg/Snæ	2.844	798	3642	2.763	75,86%
Dalamanna	364	111	475	311	65,47%
Vestfjarða	575	204,5	779,5	518	66,45%
Strandamanna	87	22	109	70	64,22%
V-Hún.	538	173,5	711,5	520	73,09%
A-Hún.	972	285,5	1257,5	858	68,23%
Skagafjarðar	2.881	752	3633	2.762	76,03%
Eyjafjarðar	5.042	1.213	6254,5	4.839	77,37%
S-Þing.	1.473	391	1864	1.369	73,44%
Austurlands	946	262,5	1208,5	948	78,44%
A-Skaft.	405	144,5	549,5	450	81,89%
Suðurlands	9.733	2.948	12681	10.400	82,01%
<b>Landið</b>	<b>26.200</b>	<b>7.399</b>	<b>33.599</b>	<b>26.129</b>	<b>77,77%</b>

<b>2022</b>					
<b>Búnaðar-</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Fjöldi</b>		<b>2022</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>samband</b>	<b>Kúa</b>	<b>Kvígna</b>	<b>Samtals</b>	<b>1.sæðing</b>	<b>sætt</b>
Kjalnesinga	322	87	409	316	77,26%
Borg/Snæ	2.784	780	3564	2.703	75,84%
Dalamanna	385	122	507	278	54,83%
Vestfjarða	473	174	647	438	67,70%
Strandamanna	89	25	114	44	38,60%
V-Hún.	607	156	763	531	69,59%
A-Hún.	941	295	1236	879	71,12%
Skagafjarðar	2.822	750	3572	2.697	75,50%
Eyjafjarðar	4.857	1.227	6084	4.718	77,55%
S-Þing.	1.470	384	1854	1.383	74,60%
Austurlands	984	254	1238	930	75,12%
A-Skaft.	398	143	541	472	87,25%
Suðurlands	9.759	2.991	12750	9.889	77,56%
<b>Landið</b>	<b>25.891</b>	<b>7.388</b>	<b>33.279</b>	<b>25.278</b>	<b>75,96%</b>


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Flestar sæðingar eru nú í mars og janúar og apríl eru ekki langt undan. Eins og áður eru sæðingar í september fæstar, einungis 1.626 á síðasta ári

Mynd 2. Fjöldi 1. sæðinga í mánuði 2020, 2021 og 2022




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára. Myndin sýnir enn betur en fjöldataölur hversu stórt hlutfall sæðinga fer fram á fyrstu mánuðum ársins.

Mynd 3. Hlutfallslegur fjöldi sæðinga í mánuði 2020, 2021 og 2022




Á mynd 4 má sjá metið fanghlutfall í hverjum mánuði. Eins og sjá má er það hærra í flestum mánuðum árið 2022 en árið á undan, sem er ánægjulegt. Hæst er metið fanghlutfall í nóvember eða 73 af hundraði og í maí 72 af hundraði. Slíkar tölur hafa


ekki sést allt of lengi. Lægst fer það í 66 af hundraði bæði í febrúar og október. Vonandi er þessi bætta staða komin til að vera.




Í fyrri skýrslum hef ég birt upplýsingar um fanghlutfall hjá einstökum nautum og skipt því í reynd og óreynd naut. Þar sem nú er runninn upp annar tími í ræktun þá kys ég að hafa þetta saman en fjöldi nauta er slíkur að ég verð að birta tvær myndir. Á mynd 5 er það helst Binni 19064 sem hefur slaka útkomu eða 60% en hin eru öll yfir 65% og upp í 75% eins og Barón 17050.



Á mynd 6 eru í raun öll naut með þökkalegan árangur. Þó eru fjögur naut sem fara niður fyrir 60% en þau eiga það öll sameiginlegt að hafa gefið lakan árangur með SpermVital sæði og líklegt að metið fanghlutfall þeirra hefði verið betra ef það hefði ekki gerst. Þá er árangur Bersa 20004 flottur en hann er metinn 76%.



Á árinu 2022 fengum við heimsókn frá Spermvital í Noregi. Á mynd 7 sjáum við metið fanghlutfall eftir notkun á því sæði. Ýmislegt bendir til að gæði á sæði úr fjórum nautum hafi ekki verið sem skyldi.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá metinn árangur af sæðingum vaxa og batna og vilji okkar stendur til þess. Eins og segir áður er gleðilegt að sjá metinn árangur milli ára hækka um tvo af hundraði en með samstilltu átaki getum við betur. Við sjáum að árangur er misjafn milli nauta, misjafn milli bóa, misjafn milli héraða og misjafn milli frjótækna. Þannig hefur það alltaf verið og verður trúlega áfram. En umfram allt verðum við að hafa trú á sæðingum og halda áfram að taka þátt í þeim til áframhaldandi kynbóta á íslenska kúastofninum.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að að framleiða og láta frá okkur gott og heilbriggt sæði. Við vinnum hörðum höndum við að bæta öll vinnubrögð hér og náum þannig nær því markmiði. Við söknum þess að hafa ekki dýralækni hjá okkur lengur í föstu starfi en við reynum okkar besta. Á sama hátt er metnaður þeirra er reka sæðingastarfsemina mikill og þeir reyna á hverjum tíma að efla sína frjótækna. Sá metnaður kom m.a. fram í góðu endurmenntunar námskeiði í Danmörku s.l. haust.

Eftir því sem fram kemur í huppa.is þá voru það 43 frjótækna sem skráðu sæðingar á árinu 2022. Þar af voru 6 konur.

Einn sæðingamaður skráði 23 sæðingar en sá sem var með flestar sæðingar var Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði (og að hluta í S-Þing) eða 4.092 sæðingar. Þar af voru 2.599 fyrstu sæðingar og af þeim komu 2.488 fyrstu sæðingar til mats hvað varðar metið fanghlutfall. Og metið fanghlutfall hjá Andra er 72%, sem verður að teljast mjög gott. Næstur kemur Guðmundur Jón Skúlason á Suðurlandi með 3.723 sæðingar. Þar af eru 2.294 fyrstu sæðingar og af þeim komu 2.171 til mats á árangri sem er 71% sem er einnig mjög gott.

Af þeim frjótæknum skiluðu fleiri en þúsund sæðingum til mats á árangri á árinu 2022 var Rafn Arnbjörnsson í Eyjafirði með „bestan“ árangur. Hjá honum komu 1.215 sæðingar til mats og var metið fanghlutfall 74%. Það er auðvitað frábær árangur. Búið er að nefna Andra Má og Guðmund Jón en ástæða er til að nefna einnig Hermann Árnason með 71% metinn árangur miðað við 1.704 sæðingar.

Sjötta árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótækna sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt huppa.is eru þeir tveir þetta árið. Annarsvegar Gísli Geirsson á Mosfelli með 838 sæðingar og hinsvegar Hörður Már Grímsson á Tindum með 387 sæðingar. Báðir hafa metið fanghlutfall upp á 75 af hundraði.